

30. SEPTEMBER
2022

HARPA
Norðurljós



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Skógarkyrröð með Sæunni

FÖSTUDAGSRÖÐ

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum á meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Veronique Vaka 6'

Jane Antonia Cornish 18'

Pierre Boulez 8'

Antonin Dvorak 5'

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út á Rás 1 síðar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Skógarkyrrið með Sæunni

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM
30. SEPTEMBER KL. 18:00

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

Nathanaël Iselin
stjórnandi

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir
sellóleikarar úr SÍ

Veronique Vaka
Neige éternelle: 1

Jane Antonia Cornish
3 Nocturnes
Nocturne I
Nocturne II
Nocturne III

Pierre Boulez
Messagesquise
I Très lent
II Très rapide
III Sans tempo, libre
IV Aussi rapide que possible

Antonín Dvořák
Waldesruhe, op. 68 nr. 5

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra's
website: en.sinfonia.is



Sæunn Þorsteinsdóttir

EINLEIKARI

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari nýtur mikillar velgengni á fjölbreyttu sviði innan tónlistarheimsins – sem einleikari, í kammertónlist og kennslu – en hún hefur verið búsett í Bandaríkjunum um árabíl. Sæunn hefur leikið einleik með hljómsveitum á borð við Fílharmóníusveitina í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC), Sinfóníuhljómsveitina í Seattle og Fílharmóníusveit norður-þýska útvarpsins (NDR) auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands og komið fram í tónlistarhúsum á borð við Suntory Hall í Tokyo, Carnegie Hall í New York og Barbican-listamiðstöðina í Lundúnum auk Disney Hall í Los Angeles, en Los Angeles Times hefur einmitt hælt leik hennar fyrir andríki og tilfinningalega ákefð. Sæunn er meðlimur í kammerhópnum Decoda, sem á sér fast aðsetur í Carnegie Hall og hefur komið fram á hátíðum eins og Malboro í Bandaríkjunum, Prussia Cove í Englandi og Við Djúpið á Ísafirði. Sæunn er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022-23.

Sæunn er ötull talsmaður nýrrar tónlistar og hefur pantað og frumflutt fjölda nýrra verka. Hún hefur unnið náið með tónskáldum á borð við Daníel Bjarnason, Pál Ragnar Pálsson, Halldór Smáráson, Þuríði Jónsdóttur og Melíu Watras. Árið 2019 gaf Sæunn út hljómplötuna *Vernacular* með nýjum, íslenskum einleiksverkum fyrir selló undir merkjum Sono Luminus hljómplötuútgáfunnar. Túlkun Sæunnar á einleiksvítum Bachs kemur út á hljómplötu hjá sama útgáfufyrirtæki í febrúar 2023.


Sæunn lauk BA-námi frá Cleveland Institute of Music, meistaranámi frá Juilliard-háskólanum í New York og doktorsnámi í tónlist frá ríkisháskóla New York (SUNY) í Stony Brook. Hún kenndi um árabíl sellóleik og kammertónlist við Washington-háskóla í Seattle en hóf störf við Cincinnati College Conservatory í Ohio í haust.



Veronique Vaka

NEIGE ÉTERNELLE: 1

Veronique Vaka (f. 1986) er af kanadísku bergi brotin en búsett á Suðurlandi. Veronique Vaka var tilnefnd til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2020 fyrir hljóm-sveitarverkið Lendh, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti árið áður. Verkið var gefið út á hljómplötunni *Occurrence* í flutningi hljóm-sveitarinnar undir stjórn Daníels Bjarnasonar hjá útgáfufyrirtækinu Sono Luminus 2021. Tónsmíðastíll Veronique Vöku hefur verið sagður lífrænn, þar sem eðlisþættir náttúr-unnar birtast í ljóðrænu samhengi í tónsmíðunum og sérstök rækt er lögð við fíngerð blæbrigði í áferð og tónblæ. Veronique hefur m.a. samið verk fyrir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Ensemble paramirabo, Duo Harpverk, Ensemble Adapter, Caput og Sinfóníuhljómsveit Íslands í verkefninu *YRKJA III*. Veronique lærði sellóleik við Vincent D'Indy-tónlistarháskólann í Kanada og raftónsmíðar við Tónlistarháskólann í Montréal en lauk meistaraþrófi frá Listaháskóla Íslands. Verkið sem hér hljómar í fyrsta sinn ber titilinn *Neige éternelle: 1* – sem þýða mætti sem Eilífur snjór: 1. Um verkið segir tónskáldið: *Neige éternelle: 1. er fyrsta verkið af fimm sem skrifuð eru fyrir einleiksselló. Verkið var skrifað í framhaldi sellókonsertsins Gemæltan sem tileinkaður er Sæunni Þorsteinsdóttur. Hvert verk er ímyndaður fasi í tilurð jökuls.*



Pierre Boulez

MESSAGESQUISSE

Einn mesti tónhugsuður tuttugustu aldar, Pierre Boulez (1925-2016) samdi tónverkið Messagesquisse fyrir einleiksselló og sex selló á árunum 1976-7. Verkið pantaði rússneski sellóleikinn Mstislav Rostropovich í tilefni af sjötugsafmæli hljómsveitarstjórans og auðkýfingsins Pauls Sachers, en í afmælisgjöfinni til Sachers voru ellefu önnur tónverk eftir nokkur af fremstu tónskáldum samtímans, þar á meðal Henri Dutilleux, Witold Lutoslawski, Luciano Berio og Benjamin Britten. Paul Sacher var stórtækur stuðningsmaður samtímatónlistar í Sviss og víðar – auk þess að stofna sérstaka kammersveit helgaða flutningi á nýrri tónlist pantaði Sacher yfir hundrað ný tónverk og stjórnaði frumflutningi fleiri en 200 tónverka á langri starfsævi. Líkt og í öðrum tónverkum í safninu til heiðurs Sacher er nafn afmælisbarnsins víða að finna í tónavefnaði Messagesquisse, en megintónefnið er byggt á sex nótna tónstiga sem myndaður er úr bókstöfum nafnsins, Es-A-C-H-E-D (þar sem D-ið verður að r-i ef franska nótnaheitið, re, er notað í stað hins þýska). Að auki er ráðandi hrynmynstur í verkinu fengið með því að umrita nafnið Sacher í Morse-kóða. Í orðsendingu sem fylgir verkinu lýsir tónskáldið sérstakri getu tónlistarinnar til að flytja dulin skilaboð, orðalaust og frjálst til túlkunar hverjum þeim sem hlustar – og færir svo afmælisbarninu ástúðlega afmælikveðju.



Jane Antonia Cornish

ÞRJÁR NOKTÚRNUR

Breska tónskáldið Jane Antonia Cornish (f. 1975) hefur búið og starfað í Bandaríkjunum um árabíl og notið mikillar velgengni – ekki síst í heimi kvikmyndatónlistar, en hún var fyrsta konan til þess að vinna BAFTA-verðlaun fyrir tónlist. Cornish hefur einnig unnið tónlist fyrir ballett og myndlistarverkefni. Þrjár noktúrnur hennar fyrir sellókvartett komu út á hljómplötunni Continuum árið 2015 en Sæunn Þorsteinsdóttir var meðal sellóleikaranna í þeirri hljóðritun. Noktúrnurnar nýta sér tónmál minimalisma og nýklassíkur og hefur verið hrósað fyrir djúpa og tregablandna fegurð sem talar til hlustenda úr ólíkum áttum. Cornish lærði tónsmíðar við Royal Northern College of Music í Manchester undir handleiðslu Anthony Gilbert og lauk framhaldsnámi frá Royal College of Music í Lundúnum.



Antonín Dvořák

SKÓGARKYRRÐ

Tékkneska tónskáldinu Antonín Dvořák (1841-1904) tókst á löngum og giftusamlegum tónsmíðaverki sínum að fella þjóðlegt áhrif frá heimahögum sínum í Bæheimi inn í tjáningarríkt sinfónískt tónmál rómantísku stefunnar – og hafði einstakt lag á að skapa ódauðlegar laglínur. Sellóverkið Waldesruhe, eða Skógarkyrrð, sem hér hljómar í umritun fyrir selló og sellókvartett, var upphaflega kafli úr sex þátta svítu fyrir píanódúett sem bar heitið *Úr skógum Bæheims* og var samin 1883. Dvořák umritaði tónlistina fyrst fyrir selló og píanómeðleik 1891 þegar hann var í þann mund að halda í tónleikaferð um sveitir Bæheims og Móravíu ásamt félagamönnum sínum, sellóleikaranum Hanus Wihan, en vantaði verk til þess að leika. Kafllinn hlaut slíkar vinsældir að útgáfa fyrir selló og hljómsveit leit dagsins ljós tveimur árum síðar og hljómar hún enn reglulega í tónleikahúsum heimsins. Verkið er fimm mínútna löng draumkennd rómansa, brotin upp af lífflegum miðkafla. Tónlistin er kyrrlát og ástríðufull í senn og fer einleikssellóinu afskaplega vel – yfirskrif kaflans er *Lento e molto cantabile*.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.



satt

SLIPBARINN

Á döfinni

06.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00




Stolin stef

„Góðir listamenn herma eftir – stórfenglegir listamenn stela.“ Þessi orð, sem gjarnan eru höfð eftir Pablo Picasso, eiga víst ekki síður við í tónlistinni en myndlistinni. Þegar horft er yfir tónlistarsöguna finnast ófá meistaraverk sem tónskáld hafa smíðað úr stefjum annarra. Á þessum tónleikum í Grænu röðinni stjórnar Daníel Bjarnason litríkri efnisskrá með stolnum stefjum í forgrunni. Öll eiga stolnu stefin uppruna sinn á Ítalíu – landi sem veitir listamönnum úr öllum greinum stöðugan innblástur. Fluttir verða þættir úr *Pulcinellasvítunni* eftir Ígor Stravinskíj, fjórði þátturinn úr 4. sínfóníu Felix Mendelssohn og að lokum *Rapsódía um stef eftir Paganíní* eftir Sergej Rakhmanínov. Verkið gerir ríkar kröfur til einleikarans, sem er hinn ungi Dmitry Shishkin. Shishkin er á hraðri leið upp á stjórnuhimin píanóheimsins. Kynnir er Halla Oddný Magnúsdóttir.

Tónleikarnir eru um klukkustund án hlés og verður þeim einnig sjónvarpað beit á RÚV.

13.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Nýtt og norrænt

Á þessum tónleikum hljómar það ferskasta í norrænni tónlist enda um að ræða glæsilega fulltrúa ungra norrænna tónskálda sem valdir hafa verið inn í hátíðardagskrá Norrænna músíkdaga. Finniska tónskáldið Outi Tarkiainen hefur getið sér gott orð fyrir verkið *The Ring of Fire and Love* sem var frumflutt í Stokkhólmi í fyrra. Verk Idins Samimi Mofakham þykja minna rækilega á tónheim heimalands hans, Írans, en hann hefur þróað afar frumlegt tónmál sem birtist í ólíkum verkum. Hin sænska Lisa Streich hefur lýst verkinu Segel sem mjög mikilvægu á sínum ferli. Með því vann hún í fyrsta skipti með litrófshljóma en verkið er einnig afar kóreógráfískt. Gunnar Karel Mátsson hefur einkum fengist við kammertónlist á ferli sínum sem tónskáld en nú hljómar hér nýtt verk eftir hann fyrir sínfóníuhljómsveit. Jesper Nordin er í hópi leiðandi tónskálda sinnar kynslóðar í Svíþjóð. Verk hans eru flutt víða um heim, þar á meðal Árr sem var frumflutt í Stokkhólmi árið 2014. Þar sækir hann innblástur í lag sænsku þungarokksveitarinnar Meshuggah, einkum hvað ryþma varðar.

Á döfinni hjá staðarlistamanni

26.02 **SUNNUDAGUR**
Kl. 16:00



Sæunn leikur Bach – einleikstóleikar

Eins og svo margir var Sæunn Þorsteinsdóttir innilokuð um tíma meðan heimsfaraldur kórónuveiru gekk yfir. Snemma sumars 2020 þakkaði hún hins vegar sellóinu niður þar sem hún var stödd í Bandaríkjunum og hélt til Íslands. Markmiðið var að leika allar sex sellósvítur Bachs, eina í einu í sex mismunandi kirkjum vestur á fjörðum. Á sumarsólstöðum fylltust guðshúsin af tónleikabyrstum gestum sem margir fylgdu Sæunni, kirkju í kirkju, þar til loks síðasta svítan hljómaði við ysta haf þegar sólin rétt sleikti haflötinn. Sæunn hljóðritaði svíturnar sex í framhaldinu og koma þær nú út á einleiksdiski undir merkjum bandarísku útgáfunnar Sono Luminus. Á þessum einleikstónleikum í Norðurljósum leikur Sæunn þrjár af svítum Bachs ásamt sellósvítu eftir Benjamin Britten og verki Þuríðar Jónsdóttur, *48 Images of the Moon*.

30.03 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

Sæunn leikur Shostakovitsj

Á þessum tónleikum í Rauðu röðinni leikur Sæunn Þorsteinsdóttir fyrri sellókonsertinn eftir Dmítríj Shostakovitsj með Sinfóníu-hljómsveit Íslands. Konsertinn samdi tónskáldið árið 1959 og tileinkaði góðvini sínum, rússneska sellóleikaranum Mstislav Rostropóvitsj sem frumflutti konsertinn í Leníngrad sama ár.

Þá verður flutt verk eftir kóreska tónskáldið Unsuk Chin og að lokum 6. sínfónía Beethovens, *Sveitasínfónían*, undir stjórn Dmítríj Matvienko sem bar sigur úr bítum í hinni alþjóðlegu Malko-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2021 og stjórnar hljómsveitinni nú í fyrsta sinn.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Stolin stef

06.10 | 20:00

Tónleikar þar sem Daníel Bjarnason stjórnar litríkri efnisskrá með stolnum stefnum – meistaraverk sem byggja á tónlist annara. Öll eiga stolnu stefin uppruna sinn á Ítalíu.

Einleikari er hinn ungi Dmitry Shishki sem er á hraðri leið upp á stjörnuhimin píanóheimsins.

Kynnir er Halla Oddný Magnúsdóttir.

SINFONIA.IS